

Læsisstefna Brekkubæjar



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Bernskulæsi	5
Snemmtæk íhlutun	5
Læsi í Brekkubæ.....	6
Þættir máls og læsis.....	7
Bókmenntir og lestur.....	8
Ritmál	8
Bókasafn heimsótt	9
Útskýra orða og hugtök í bókum.....	9
Framhaldssaga	10
Verkefni elstu barnanna	10
Byrjendalæsi	10
Orð sett á alla hluti.....	11
Virk hlustun	11
Máltjáning og frásagnarfærni	12
Myndrænt umhverfi.....	13
Söngur og kveðskapur	13
Orðaforði og málskilningur.....	14
Rökhugsun	14
Samtal.....	15
Spil og leikir	15
Æfa rétt pennagrip	15
Hlustun og hljóðkerfisvitund	16
Upplýsingar milli skólastiga	16
Skimanir og snemmtæk íhlutun.....	17
Skimanir.....	17
Snemmtæk íhlutun	17
Hljóm-2.....	17
EFI-2	17
Tras.....	18
Íslenski málhljóðamælirinn.....	18

Tvítýngi (Annað tungumál en íslenska)	18
Þættir samstarfs	19
Við foreldra.....	19
Við grunnskólann	20

Inngangur

Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) segir: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta“. Í aðalnámskrá leikskóla (2011) er læsi einn af grunnþáttunum en „læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttann hátt“. Bestur árangur næst þegar gott samstarf er á milli leikskóla og foreldra um nám barna (Skýrsla starfshóps um læsisstefnu leikskóla skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar júní 2013).

Skilgreiningar á læsi hafa mikið breyst síðustu ár, fræðimenn eru ekki sammála um skilgreiningar en nokkur atriði hafa þeir komið sér saman um.

„Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Læsi krefst skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, t.d. bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri og snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkkunnáttu“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Bernskulæsi

Á leikskólaárunum er lagður mikilvægur grunnur að þroska barna sem undirbýr þau fyrir læsinnám seinna meir en oft er hugtakið bernskulæsi (e. *emergent literacy*) notað yfir þetta ferli. Bernskulæsi hefur verið skilgreint þannig að það feli í sér ákveðna færni, þekkingu og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lestrar og ritunar. Bernskulæsi felur í sér skilning á læsistengdum hugtökum og tekur til hefðbundinna læsisþátta; hljóðkerfisvitundar, bókstafaþekkingar, umskráningar, orðaforða, málskilnings og ritunar. Í bernskulæsi mótast einnig viðhorf barna til læsis og vitund þeirra um tilgang þess auk þess sem mál færni leggur grunn að fyrstu skrefum barna við að tileinka sér læsi og síðari lestrarfærni (Skýrsla starfshóps um læsisstefnu leikskóla skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar júní 2013).

„Þrátt fyrir að gera megir ráð fyrir að læsisþroski komi í kjölfar málþroska er um að ræða ákveðna gagnvirkni; málþroski hefur áhrif á læsi og læsi hefur áhrif á mál“ (Halldóra Haraldsdóttir, 2007)

Í lestrarhvetjandi leik er leikskólakennarinn þátttakandi, skipuleggjandi, leiðbeinandi, sögumaður eða stjórnandi umræðu (Saracho 2004). Það er leikskólakennarans að skapa aðstæður og örvandi málumhverfi en í því felst að huga að tíma, rými og efniviði, byggja upp bakgrunnsþekkingu fyrir leikinn, örva frásagnarhæfileika og taka þátt í leik barnanna (Halldóra Haraldsdóttir, 2007).

Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir notar skilgreinigar frá Gunn, Simmons og Kameenui, 1995. Þar er talað um tvær hliðar bernskulæsis. „Önnur byggir á reynslu barnsins af læsi eins og lestri sögubóka, samskiptum og menningu. Hin hliðin byggir á þekkingu og færni sem börnin afla sér um læsi, eins og þekkingu á bókstöfum, þróun hljóðkerfisvitundar, vitund um ritmál og skilning á tengslum ritmáls og talmáls“ (Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir, 2014).

Snemmtæk íhlutun

Mjög mikilvægt er að grípa inn í alla erfiðleika sem tengjast seinkuðum málþroska með snemmtækri íhlutun. Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir (2014) segir ástæðurnar vera þrípættar.

„Í fyrsta lagi ber að nefna að því fyrr sem markviss íhlutun hefst þeim mun meiri líkur eru á að árangur náist.

Í öðru lagi græða fjölskyldur barnanna á þeim stuðningi sem þær fá í tengslum við íhlutunina (Bruder, 2010, bls. 339–340; Tryggvi, 2008, bls. 122–124).

Í þriðja lagi njóta grunnskólarnir og samfélögin góðs af snemmtækri íhlutun á þann hátt að þegar börn koma í skólann eru þau tilbúin að hefja það nám sem þar fer fram og kostnaður við stuðning í grunnskólanum verður minni en ella (Bruder, 2010, bls. 339–340; Tryggvi, 2008, bls. 122–124).“

Læsi í Brekkubæ

Tungumálið er mikilvægt tæki til boðskipta, með því tjáum við hugsanir okkar, tilfinningar og fleira. Kennarar leitast við að leggja góðan grunn í öllum samskiptum og vera börnunum góð fyrirmynd. Orð eru lögð á athafnir, við nefnum heiti hluta og atburða sem koma fyrir í daglegum samskiptum við börnin. Með markvissri vinnu þar sem lögð er áhersla á að efla mál og læsi allra barna. Þar er leikskólinn í lykilstöðu til þess að geta fundið og stutt sérstaklega við þau börn sem þurfa á stuðningi að halda.

Fylgst er með þroska hvers barns og komið til móts við þarfir allra þeirra og áhugasvið og leitað til sérfræðinga ef þess þarf. Við val á efnivið er þess gætt að það henti aldri og þroska hvers og eins.

Barnið er í brennidepli og unnið út frá stöðu þess, reynslu og áhugasviði.

Flestar stundir eru notaðar til málörvunar á einn eða annan hátt.

Foreldra eru virkjaðir í samstarfi um mál og læsi barna sinna og upplýstir um framfarir. Í foreldraviðtölum er málproski barna ræddur. Þá er talað um málskilning, máltjáningu framburð og fleira.

Samstarf er á milli leik og grunnskóla þannig að börnin viti að hverju þau ganga í grunnskólanum. Þau læra sömu vinnuaðferðir og 1.bekkur í læsi sem byggir á Þróunarverkefninu Byrjendalæsi. Kennarar er í samstarfi við kennara úr grunnskólanum í Byrjendalæsi.

Við samræmum skriftarletur og vinnum með Sprota í stærðfræði sem fylgir börnunum niður í grunnskólann og einnig vinnum við með Numicon og Lubbi finnur málbeinið.

Boðið er upp á markvissa málörvun fyrir 4 ára börn. Einnig fá þau börn sem eru með slaka eða mjög slaka færni, samkvæmt niðurstöðum Hljóm – 2 skimun, stuttar málörvunarstundir og metið er út frá hverjum og einum einstaklingi fyrir sig hverjar megináherlurnar eru hverju sinni. Leikskólinn hefur aðgang að talmeinafræðingi sem starfar hjá skólajónustu Múlaþings. Talmeinafræðingurinn kemur ef leikskólinn sendir inn beiðni um að hans sé þörf í leikskólann. Leikskólinn vinnur með talmeinafræðingnum henni Sesselju sem tekur þau börn sem eru með slakan málproska eða málskilnign í tíma í gegnun fjarfund.

Kennarar hafa réttindi til að leggja fyrir skimunarprófin: Íslenski málhljóðamælinn, Tras, Efi - 2 og Hljóm – 2, sem meta málproska og hljóðkerfisvitund barna.

Hjá okkur fer fram nám sem leggur öflugan grunn að þróun læsis

Pættir máls og læsis

Lestrarhvetjandi umhverfi Efla áhuga barna á bókum og lestri, áherslur í málörvun, málskilningi og málstjáningu	1-2 ára	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára	Annað
Bókmenntir og lestur	X	X	X	X	X	
Ritmál sýnilegt	X	X	X	X	X	
Bókasafnið heimsótt		X	X	X	X	
Útskýra orð og hugtök í bókum		X	X	X	X	
Framhaldssaga				X	X	
Byrjendalæsi					X	
Orð sett á alla hluti	X	X	X	X	X	
Virk hlustun	X	X	X	X	X	
Máltjáning og frásagnarfærni				X	X	
Myndrænt umhverfi	X	X	X			
Söngur og kveðskapur	X	X	X	X	X	
Orðaforði og málskilningur	X	X	X	X	X	
Rökhugsun			X	X	X	
Samtal	X	X	X	X	X	
Spil og leikir		X	X	X	X	
Æfa pennagripnið		X	X	X	X	
Hlustun og hljóðkerfisvitund			X	X	X	
Upplýsingar milli skólastiga					X	
Snemmtæk í hlutun	X	X	X	X	X	
Hljóm -2					X	
EFI- 2			X			
Tras		X	X	X	X	
Íslenski málhljóðamælirinn		X	X	X	X	

Bókmenntir og lestur

Markmið

Vekja áhuga barna á lestri bóka og efla læsi ásamt því að efla orðaforða, skilning og endursögn.

Kenna börnum að umgangast bækur af virðingu og þau fái tækifæri að velja sér bók við hæfi.

Sjá til þess að við lestur bóka fari fram ákveðin kennsla og að börnin fái tilfinningu fyrir því að bækur séu uppspretta meira náms og hafi ákveðinn tilgang.

Hafa lestrarstundir ánægjulegar þannig að þær veiti börnum nánd, hlýju og öryggi.

Við erum með bókamánuð þar sem foreldrar lesa heima með börnunum og skrifa síðan hvaða bók þau lásu fyrir börnin á Lubbabein og hengja upp á vegg eða safna í matardall fyrir Lubba.

Leiðir

- Að skapa aðstæður og rými á hverjum degi til að lesa í litlum og stórum hópum.
- Að huga að samsetningu og stærð hópsins.
- Að útskýra orð og hugtök nánar þegar verið er að lesa, það skapar umræður.
- Að börnin skoði bækur saman, því það eykur tjáskipti á milli þeirra.
- Að vera með undirbúnar lestrarstundir, vera líka með óundirbúnar og sjálfsprottnar sem hafa ákveðinn tilgang.
- Að vera með sögustundir þar sem ímyndunaraflið og hugarflugið fær notið sín.
- Að bækur séu aðgengilegar fyrir börn inn á deild þannig að auðvelt sé fyrir þau að nálgast þær og ganga frá án þess að bókin skemmist.

Ritmál

Markmið

Að börnin ljá orðum merkingu, þannig læra þau smátt og smátt hvaða bókstafir og orð þýða.

Börnin þekki bókstafi og ritmál, virkni þess og tilgang og tjái sig í gegnum teikningar, ritun og aðra sýnilega færni.

Hafa ritmálið sýnilegt með því að merkja alla hluti með heiti þeirra. s.s stóll, borð, skæri, verk barnanna, fatahólf, möppurnar þeirra o.s.frv.

Bókstafir og tölustafir eru sýnilegir upp á veggjum og gólfi bæði há –og lágstafir.

Ljá orðum merkingu, börnin læri þannig smátt og smátt að skilja hvaða tilgangi bókstafir og orð gegna.

Aðgangur að ritföngum og pappír skal vera frjálss á eldri deildum og komið fyrir á stað þar sem börnin geta nálgast hann sjálf.

Leiðir

- Að athyglin barnanna sé beint að bókstöfum og orðum í bókum sem verið er að lesa ásamt því að tengja hljóð stafa og orða við umhverfið.
- Að nota bæði há-lágstafi við merkingar á hlutun í umhverfinu.
- Að bækur séu aðgengilegar fyrir börnin ásamt opnum efnivið.
- Að ýta undir teikningar barnanna.
- Að hvetja þau til að merkja sjálf myndir og verkefni.
- Að hafa ritmál sýnilegt í nánasta umhverfi barnanna með bók- og tölustöfum.
- Að hafa fjölbreyttan efnivið til að búa til orð og stafi.
- Að börnum séu gefin tækifæri á að þróa ritun allt frá kroti til stafamyndunar.
- Að pappír og ritföng eru staðsett inn á deild þannig að auðvelt sé fyrir barn að nálgast efniviðinn til að þróa sig áfram í ritun.

Bókasafn heimsótt

Markmið

Læra að þekkja bókasafnið.

Börnin læri að umgangast bókasafnið og hvernig það er notað.

Geta farið á bókasafnið og fengið lánaðar bækur þar.

Leiðir

- Að fara reglulega í heimsókn á bókasafnið.
- Að lesa fyrir þau þar og síðan skoða þau bækur eftir lesturinn.
- Að vera dugleg að nýta bókasafnið í leikskólanum.

Útskýra orða og hugtök í bókum

Markmið

Æfa hlustun, málskilning og máltjáningu og flóknari orðaforða.

Þegar bækur eru lesnar fyrir börnin þá skal stoppað við orð og hugtök útskýrð nánar, það skapar umræður um söguna sem verið er að lesa.

Notast við leiðir til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bókalestri.

Leiðir

- Að bækur séu lesnar og börnin spurð út í merkingu ýmissa orða.
- Að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bókalestri.

Framhaldssaga

Markmið

Efla börnin í að fylgjast með lengri söguþræði.

Börnin geti hlustað og fylgst með lengri söguþræði og þurfi að læra að bíða eftir að fá að vita hvað gerist næst.

Lesi framhaldssögu fyrir elstu börnin.

Lesi framhaldssögu sem styður við og æfir börnin í að muna og rifja upp það sem búið er að gerast í sögunni og bætt áfram við.

Skapar spenning að lesa framhaldssögu að vita hvað gerist næst og hlakka til næsta lesturs.

Leiðir

- Að velja bók sem vekur áhuga barnanna.
- Að lesa einn til tvo kafla eftir áhuga barnanna.
- Að rifja upp í upphafi hverjar lesstundar um hvað var verið að lesa síðast og velta því fyrir sér hvað gerist næst.

Verkefni elstu barnanna

Marmið

Börnin geti unnið allskonar verkefni bæði skriflega og munnlega.

Börnin séu undir það búin að takast á við á vinnu sem þau verða að leysa af hendi í grunnskóla.

Börnin séu farinn að þekkja bókstafi, tölustafi, form og stærðfræðihugtök.

Börnin læri að draga rétt til stafs.

Leiðir

- Að börnin vinni með bókstafina í munnlegum leikjum og skriflegum verkefnum.
- Að börnin læri bæði heiti bókstafa og hljóð þeirra.
- Að börnin vinni með tölustafi, bæði skrifa þá og læra hvað stendur á bakvið töluna.
- Að börnin leysi verkefni þar sem þau telja, leggja saman og draga frá, bæði munnlega og skriflega.

Byrjendalæsi

Markmið

Samvinnuverkefni grunnskólans og leikskólans, þar sem unnið er með lestrakennslu á fjölbreytilegan hátt. Gæða texti er notaður í heild sinni og greindur niður í orð og stafi. Þá

er ritun tekin inní verkefni í endursögn og önnur verkefni sem eru unnin úr textanum. Mikið er unnið með samvinnu og reynt að nýta styrk hvers einstaklings fyrir sig.

Efla lestrarskilning, tilfinningu barnanna fyrir sögunni og innihaldi textans.

Efla hlustun og fá börnin til að gagnrýna og hugsa um innihald sögunar, jafnframt því að þau læri lestur og ritun.

Leiðir

- Að börnin leysa af hendi ýmiss verkefni í gegnum leik sem eru bæði notuð í grunnskólanum og leikskólanum.
- Að þeim séu kynntar þær aðferðirnar sem notuð eru í grunnskólanum.
- Að notaðar séu eingöngu bækur með gæðatexta sem hægt er að vinna meira með, hvort sem er munnlega eða skriflega.

Orð sett á alla hluti

Markmið

Setja orð á alla hluti í daglegu starfi.

Þegar verið er að vinna með barninu í öllum aðstæðum er mikilvægt að tala við barnið og setja orð á alla hluti og athafnir, einnig þegar unnið er með tvítýngdum börnum.

Læra nokkur orð á móðurmáli tvítengdra barna.

Tala við börn sem eru tvítengd þó það tali ekki, nota nafn barnsins mikið.

Nota vísbendingar með orðum og fyrirmælum sérstaklega með tvítengdum börnum.

Skapa aðstæður fyrir tvítengd börn til að æfa sig í íslensku.

Hvetja til jákvæðra samskipta með opnum spurningum.

Leiðir

- Að nýta allar daglegar stundir til að styrkja málþroska barnsins s.s útivist, matartíma, samverustundir og leikstundir.
- Að auka orðaforða ungra barna með því að nota flóknari setningar og flétta þar inn í hinum ýmsu hugtökum.
- Að starfólk sé vakandi fyrir því að spyrja börnin opinna spurninga til að örva hugsun og tjáningu.

Virk hlustun

Markmið

Börnin læri að hlusta og bera virðingu fyrir þeim sem talar hverju sinni.

Hlustað sé á það sem barnið segir, endurtaka og gefa með því til kynna að við höfum skilið það sem það sagði.

Með virkri hlustun heyri barnið að það sé tekið eftir því sem það segir og einnig heyrir það orðin sögð á réttan hátt.

Lengja setningar með að bæta inn í sögnum og lýsingaorðum til að auka orðaforða og skilning hjá barninu.

Börnin læri að hlusta og bera með því virðingu fyrir þeim sem talar hverju sinni.

Leiðir

- Að börnin æfi sig í að skiptast á að tala og hlusta og grípa ekki fram í þeim sem er að tala.
- Að börnin endursegi frásögn eða upplestur úr bók og séu síðan spurð spurninga úr þeim bókum sem verið er að lesa.

Máltjáning og frásagnarfærni

Markmið

Samskipti byggist á gagnvirkri tjáningu þar sem markmiðið er að skapa sameiginlegan skilning.

Börn geti tjáð sig og geti sagt frá eigin upplifunum við og fyrir framan aðra nemendur og kennara eða aðra einstaklinga.

Jákvæð samskipti þeirra á milli er nauðsynlegt til að eflatjáningju og framkomu og vinna verður markvisst að því að þau þrói með sé hæfni í þá átt.

Auka og hvetja börnin til að tjá sig í leik og starfi.

Auka máltjáningu, frásagnarhæfni og sögugerð.

Leiðir

- Að börnin komi fram fyrir hóp barna í samverustundum og segi frá einhverju eða syngi.
- Að börnin lesi bækur og segi barnahópnum frá innihaldi bókarinnar.
- Að börnin segi frá einhverju sem þeim þykir spennandi og áhugavert fyrir framan hópinn.
- Að skapa aðstæður fyrir samtöl og samskipti barnanna sín á milli, út frá áhugasviði þeirra og reynslu og geti tjáð sig á sem eðlilegastan hátt.
- Að geti tjáð sig í gegnum eigin teikningar

Að lögð sé áhersla á framsögn/frásögn þar sem börnin eru hvött til að tjá sig fyrir framan aðra og læra einnig að hlusta á aðra, við erum með hljóðnema sem börnin tala og syngja í.

Myndrænt umhverfi

Markmið

Börnin þekki dagskipulagið.

Börnin læri að þekkja að ákveðin tákn merkja ákveðna athöfn og þannig vita þau að hvert skipulag dagsins er og geta þannig aukið sjálfstæði sitt.

Leiðir

- Að notast við myndir þegar dagskipulagið er sett upp
- Að nota myndir með orðum í merkingu þar sem við á.

Söngur og kveðskapur

Markmið

Söngur og kveðskapur hjálpi til við að efla hljóðkerfisvitund og auka orðaforða hjá börnum vegna þess að í söngtextum og kveðskap er málvarið með öðrum hætti en í daglegum samtölum.

Syngja á hverjum degi því það eykur gleði hjá börnunum.

Börnin tileinki sér að syngja texta sem eykur hjá þeim orðaforða og eflir hljóðkerfisvitund, tjáning og framburð.

Söngur eykur málskilning og orðaforða.

Söngur og kveðskapur sé hluti af menningu hvernar þjóðar og geta börnin kynnst í gegnum þessa þætti, ólíkum menningarheimum.

Textar og tónlist er haft sem fjölbreyttast. Börnin hvött til að búa til sögur í kring um myndir og segja frá því.

Unnið sé með vísur og þulur á margvíslegan hátt, læra utan að, læra ný orð og auka skilning, teikna, leika og flytja fyrir aðra.

Leiðir

- Að hafa reglulegar söngstundir.
- Að lesa kvæði og þulur fyrir börnin og láta þau endurtaka stuttar setningar.
- Að syngja lög frá mismunandi löndum og kenndar vísur frá þeim löndum sem börn á þeirra deild eru frá.
- Að kenna flókna texta og útskýra ný orð.

- Að kenna allskonar kveðskaparform s.s þulur, rímur, ljóð og söngtexta.
- Að hvetja þau til að syngja ein.
- Að vinna með rím og hrynjanda.

Orðaforði og málskilningur

Markmið

Góður orðaforði eykur möguleika barna á að greina blæbrigði talaðs máls. Með því að efla hlustun þá eykst orðaforðin.

Nemendur læri að lesa í umhverfi sitt og læri að tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Í umhverfi leikskólans skapist tækifæri til að virkja nemendur í að tileinka sér góða tjáningu, skilning á mæltu, rituðu máli og að efla orðaforðann.

Auka hugtakaskilning, orðaforða og almennan skilning á málinu.

Leiðir

- Að í daglegum samskiptum notum við fjölbreytt orðalag yfir sömu hluti og athafnir.
- Að kenna börnunum ný orð sem tengjast viðfangsefnum hverju sinni.
- Að við tölum vandað mál og merking orða útskýrð til að festa þau í huga barnanna.
- Að lesið sé fyrir börnin daglega í bæði stærri og minni hópum.
- Að fjölbreytt úrval af bókum sé aðgengilegt til að skoða og lesa fyrir börnin.

Rökhugsun

Markmið

Samhliða tjáningu, orðaforða og málskilningi er mikilvægt að geta rökrætt um stað og stund.

Í gegnum stærðfræðileiki eflist hugsun barna á orsök og afleiðingu.

Í leikskólanum er mikilvægt að efla hjá nemendum hugtakanotkun og ályktunarhæfni og spyrja þau krefjandi spurninga.

Leiðir

- Að leggja inn form og hugtök tengd rökstuðningi.
- Að leggja inn stærðfræðihugtök í vinnu með kubba t.d einingakubba, holukubba og Numicon.
- Að kennari sé nálægur þegar unnið er með kubba til að gefa leiknum meiri og dýpri merkingu.
- Að ræða um orsök og afleiðingu í samverustundum, frjálsum leik og við daglegar athafnir.

- Að efla hjá þeim skilning á tölum, rými og magni.
- Að hvetja þau til að svara með opnum spurningum t.d hvernig veistu þetta.

Samtal

Markmið

Börnin læri að tjá sig við hin ýmsu tækifæri.

Gefa sér tíma til að spjalla við börnin, aðstæður til samræðna skapast oftast við daglegar venjur s.s í fataklefa, á skiptiborði og við matarborðið.

Nýta þær stundir þegar verið er að leika með ýmskonar leikefni s.s teikna, pússla, leira og fl.

Að börnin læri að tjá sig við hin ýmsu tækifæri. Við það eykst orðaforði, skilningur og þekking hjá börnunum.

Leiðir

- Að tala við börnin um það sem gerist í daglegu lífi þeirra.
- Að hvetja til samræðna bæði á milli barna og fullorðinna og á milli barnanna.
- Að þau læri að heilsa og kveðja.
- Að hvetja til samræðna með því að spyrja opinna spurninga.

Spil og leikir

Markmið

Börnin læri að spila ýmis spil og fara í margskonar leiki sem tengjast læsi og stærðfræði.

Leiðir

- Að spila fjölbreytt og skemmtileg spil sem tengjast læsi og stærðfræði.
- Að kynna fyrir börnunum ýmis hugtök og þjálf þau í að bíða og skiptast á.

Æfa rétt pennagrip

Markmið

Börnin nái aldurssvarandi gripi.

Mikilvægt er að börn nái réttu pennagrip og kunni að beita ritföngum á réttan hátt. Mikill vöðvaspenna myndast þegar ritföngum og skærum er ranglega beitt.

Leiðir

- Að börnin handleiki skriffæri og þeim sé leiðbeint með rétt grip.
- Að nota skriffæri sem eru þannig gerð að þau ýta undir rétt grip t.d þrístrenda blýanta og svera lit frekar enn granna.

Hlustun og hljóðkerfisvitund

Markmið

Að efla hljóðkerfisvitund og hlustun.

Virkja hlustun í daglegu starfi í gegnum leik ásamt því að efla hljóðkerfisvitund .

Styrkja nemendur í að ná góðum skilningi og tilfinningu fyrir tungumálinu.

Kennarar beita virkri hlustun gagnvart börnunum.

Klappa samstöfur og atkvæði orða sem börnin uppgötva eða þeim er bent á og rímleiki.

Greina hljóð í orðum sem börnin heyra eða segja og greina orð í sundur og setja þau saman.

Vinna með söngtexta, þulur og ljóð.

Auka markvissa hlustun í daglegum athöfnum.

Leiðir

- Að æfa börnin í að fara eftir einföldum og flóknum fyrirmælum ásamt því að virkja athygli þeirra, einbeitningu og sjálfstjórn.
- Að þau læri að þekkja stærri hljóðeiningar eins og atkvæði, rím og klappa samstöfur ásamt því að þau læri að þekkja smærri hljóðeiningar eins og að greina hljóð í stöfum og orðum.
- Að sundurgreina og samsetja orð.
- Að syngja, fara með ljóð og þulur.
- Að vinna með hljóðkerfisvitund og hlustun barna með því að gera ýmis verkefni með þeim t.d klappa í atkvæði, ríma, vinna með samstöfur, greina hljóð í stöfum og orðum, sundurgreiningar- og samtengingarverkefni.

Upplýsingar milli skólastiga

Markmið

Miðla upplýsingum á milli leik- og grunnskóla í þeim tilgangi að auka samfellu og stíganda í námi barnanna.

Leiðir

- Að hafa samráðsfundi milli leik og grunnskólakennara í upphafi og lok haustannar þar sem upplýsingum er miðlað.
- Fara yfir niðurstöður skimana og stöðu hvers barns.
- Að umsjónarkennari 1.bekkjar sýni leikskólanum niðurstöður læsisprófa.

Skimanir og snemmtæk íhlutun

Skimanir

Fylgst er vel með málþroska barna. Eftirfarandi skimunarpróf eru notuð til að fylgjast með þróun málþroska. Beitt er snemmtækri íhlutun og leitað til sérfræðinga þegar grunur vaknar um seinkaðan málþroska

Snemmtæk íhlutun

Markmið

Fylgjast er vel með málþroska barna þannig að hægt sé að grípa nógu snemma inni með markvissa íhlutun og að öll börn fái sömu tækifæri og kennslu við hæfi.

Mikilvægt er að vera vakandi fyrir frávikum í málþroska barna og bregðast strax við til að styrkja framfarir. Ef um seinkaðan málþroska er að ræða er leitað aðstoðar sérfræðinga.

Leiðir

- Að unnið sé með markvissa málörvun á deildum.
- Ef að grunur vaknar að barn hafi einhverskonar málþroskafrávik fer ákveðið ferli í gang í samstarfi við foreldra, deildarstjóra og sérkennslukennara í formi stuðnings í málörvun og síðan frekari athugun.
- *Tras sem er skráning á málþroska ungra barna, lagt fyrir tveggja til fimm ára börn.*
- *EFI-2 sem er málþroskaskimun, lagt fyrir börn á fjórða ári.*
- *Hljóm 2, sem er aldurbundin skimun sem kannar færni tengda hljóðkerfis og málvitund, það er talið hafa forspárgildi fyrir gengi nemenda í lestrarnámi. Lagt fyrir elstu börnin að hausti á síðasta ári leikskólanum.*
- *Íslenski málhljóðamælinn*

Hljóm-2

Markmið

Kanna hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum.

Kanna hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum. Skimun til að álikta um lestrarfærndi 5 ára barna fram í tíman og finna út hvaða þætti þarf að þjálfar betur hjá hverju og einu barni.

Leiðir

Hljóm-2 er laggt fyrir í september og eru niðurtöður sendar til skólapijónustu Múlapings. Ef kemur í ljós að einhver börn þurfa frekari þjálfun er unnið með þá þætti hljóðkerfisvitundar og síðan er Hljóm-2 lagt fyrir þau börn aftur í janúar.

EFI-2

Markmið

Kanna málskilning og tjáningafærni barna á aldrinum 3;1; 17- 3; 10; 16.

Með Efi-2 er einkum verið að leita að börnum með hugsanlega málörðugleika sem hægt er að bæta úr með snemmtækri íhlutun.

Leiðir

Með EFI - 2 er hægt að skima málþroska hjá börnum á fjórða aldursári. EFI - 2 kannar málskilning og tjáningarfærni barna og byggist á myndabók sem barn og kennari skoða saman. Að könnun lokinni fást vísbendingar um hvernig málþroski barnsins er miðað við jafnaldra, hvort sem það eru veikleikar eða styrkleikar og hægt að vinna með það ef þurfa þykir.

Tras

Markmið

Fylgjast með málþroska barna í daglegu leikskólastarfi og fá yfirsýn yfir málþroskaframvindu og hvernig málþroski þeirra þroskast.

Leiðir

TRAS er skráning á málþroska ungra barna á aldrinum 2 til 5 ára og er fyllt inní það tvisvar á ári. Málþroski er mikilvægur hluti af almennum þroska barns. Bæði á ungubarnaskeiði og seinna þegar skólaganga hefst er málfærni barns þungamiðja í þroska þess.

TRAS sýnir okkur hvar barn er stött í samleik, tjáskiptum/samskiptum, athygli/einbeitingu, málskilningi, málvitund, framburði, orðaforða og setningamyndun. TRAS er því víðtæk skimun sem sýnir hvar barn er stött í hverjum þætti fyrir sig og farið yfir þau blöð með foreldrum í foreldrasamtölum.

Íslenski málhljóðamælirinn

Íslenski málhljóðamælirinn er skimunartæki í spjaldtölvu sem, er auðvelt í fyrir lögn.

Með forritinu er unnt að skima og forprófa framburð íslensku málhljóðanna og meta skiljanleika tals. Skimunin gefur kennara/sérkennara vísbendingu um hvaða hljóð þurfi að þjálfra betur og gefur einnig vísbendingu um hvernig hljóðavitund barnsins er, en hún er mikilvæg í umskráningarferli sem þarf fyrir læsi seinna.

Ef að niðurstöðurnar úr skimuninni í íslenska málhljóðamælinum eru ekki góðar þá getur verið þörf á að vísa barni beint til talmeinafræðings í frekara mat og þjálfun.

Tvítýngi (Annað tungumál en íslenska)

Markmið

Tvítýngd eða fjöltýngd börn eru þau börn sem búa við fleiri enn eitt tungumál dags daglega.

Áhersla er á að starfsfólk setji orð á alla hluti og athafnir þegar unnið er með börnunum.

Foreldrar skulu hvattir til að nota sitt móðurmál til að gera íslenskuna auðveldari, með því að barn læri sitt móðurmál kemur skilningur og auðveldara er að setja íslenskt orð ofan á þann grunn.

Nota skal virka hlustun, lesa stuttar sögur og tala um myndir og texta.

Mikilvægt er að jákvætt viðhorf leikskólasamfélagsins til ólíkra móðurmála, að litið sé á fjöltyngi sem auð fremur en hindrun.

Kennarar séu meðvitaðir um þá styrkleika sem barnið býr yfir og virðing og væntingar gegna lykilhlutverki í daglegri umgengni.

Með því að barnið sé virkur þátttakandi í starfinu, að unnið sé markvisst með íslenskt mál í leikskólaumhverfinu og framsetning auðvelduð á orðum, hugtökum, bók- og tölustöfum, er lagður grunnur að því að börn sem eru tví-eða fjöltyngd styrkist í því að nota íslensku sem tjáningaform.

Leiðir

- Notast við myndir yfir dagskipulag, daglegar athafnir, tilfinningar og leikföng.
- Notast við efnivið til að tengja íslensku við móðurmál.
- Hlustun er þjálfuð og orð haft á öllum hlutum og athöfnum daglegs lífs.
- Foreldrar séu hvattir til að nota móðurmál barnsins heima t.d syngja, lesa fyrir barnið og stuðla þannig að eðlilegum málþroska á móðurmáli.
- Lögð sé áhersla á að efla þekkingu á ferli máltöku annars tungumáls og hvernig best er unnið með málörvun og læsi fjöltyngdra barna.

Þættir samstarfs

Við foreldra

Samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008 þá annast leikskólin að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri. Samstarf milli heimila og skóla er þar af leiðandi mikilvægt

Markmið

Leikskólinn hefur frumkvæði að samstarfi við foreldra með það að markmiði að börnin í leikskólanum verði fær um að lesa í umhverfi sitt.

Sýnileiki bóka spilar þar stórt hlutverk, auk lestrar fyrir börn og fjölbreyttar notkunar málsins í ræðu og riti.

Leiðir

- Í samræðum við foreldra er lögð áhersla á mikilvægi lesturs og fjölbreytts læsis.
- Að foreldrum sé leiðbeint um það hvernig þeir geta stutt við og örvað mál og læsi barna, bæði á ritmáli og umhverfi.
- Börnin mega koma með bækur að heiman í leikskólann sem þau hafa valið í samráði við foreldra.

Vera með bókamánuð þar sem foreldrar lesa bók heima fyrir barnið og skrifa á bein fyrir Lubba hvaða bók var lesin, beinunum safnar Lubbi ýmist uppá vegg eða í matardall.

Við grunnskólann

Í lögum um leikskóla er talað um gagnvirkt samstarf leik-og grunnskóla. Allt samstarf varðandi læsi og lestur í umhverfi er mikilvægur hluti af því og stuðlar að samfellu í námi barna. Með jákvæðu samstarfi við önnur skólastig aukast líkur á því að læsihæfni barna verði uppbyggjandi og um leið auðveldar það þeim að flytjast milli skóla og skólastiga.

Markmið

Auka samstarf milli skóla og skólastiga til að styrkja menntastofnanir sveitafélagsins. Mikilvægt er að kennarar miðli færni, þekkingu og reynslu milli skóla og skólastiga til að stuðla að samfellu í námi barnanna.

Flutningur barna milli skólastiga verði eðlilegur og þau eigi auðvelt með að takast á við þau verkefni sem bíða þeirra á nýju skólastigi.

Leiðir

- Að vera með verkefni sem krefjast þess að börnin nýti sér þá reynslu sem þau búa yfir.
- Þjálfar börnin í framsögn fyrir framan hóp.
- Efla börnin í að rökstyðja ákvarðanir sínar.
- Gagnkvæmar heimsóknir kennara á milli skólastiga, þar sem kennarar beggja stiga kynni sér starfsaðferðir hvors annars.
- Vinna með byrjendalæsi.
- Skýr og markviss upplýsingagjöf.
- 7. bekkur kemur í heimsókn til okkar á degi íslenskrar tungu og les fyrir börnin.